

Ed.

359. Frumvarp til laga

[145. mál]

um breyting á lögum nr. 67 5. júní 1947, um eignakönnun.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

Eignakönnunarskattur samkvæmt II. kafla laganna, að frádregnum kostnaði við framkvæmd þeirra, skal renna að hálfu í ríkissjóð og að hálfu í viðkomandi bæjar- eða sveitarsjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í lögum um eignakönnun er gert ráð fyrir, að fé það, sem inn kæmi fyrir sölu skuldabréfa með lágum vöxtum, rynni til ríkissjóðs. Við stjórnarmyndunina 1947, þegar samið var um þessa löggjöf, var hins vegar um það samið að skipta síðar fé því, sem inn kæmi fyrir skuldabréfasöluna, á milli ríkisins og bæjar- og sveitarfélaga. Af þessum skiptum varð þó ekki. Komu þá upp óskir um, að skipt yrði fé því, sem inn kæmi í eignakönnunarskatti samkvæmt II. kafla laganna, enda yrði þá fallið frá því að skipta andvirði bréfanna. Þótti þetta hafa við rök að styðjasi, þar sem hið undandregna fé, er hér var á lagt, var jafnt tekjustofn bæjar- og sveitarfélaga sem ríkissjóðs. Niðurstaðan varð því sú, þegar þetta mál var til meðferðar fyrir 2 árum síðan, að þáverandi ríkisstjórn lýsti því yfir við forráðamenn Reykjavíkurbæjar, að hún myndi beita sér fyrir og sjá svo um, að þessu fé yrði skipt til helminga á milli ríkissjóðs og bæjar- og sveitafélaga. Hefur svo þetta mál legið síðan og engin viðleitni verið sýnd til þess að breyta löggjöfinni í það horf, sem þessi yfirlýsing stjórnarinnar ráðgerði. Er nú ekki seinna vænna að breyta löggjöf-
inni í þetta horf, þar sem verið er að innheimta féð.

Álagður eignakönnunarskattur samkvæmt II. kafla laganna nam kr. 11 337 987.00. Að sjálfsögðu verður að draga kostnað við framkvæmd laganna frá áður en skattinum er skipt. Kostnaður við álagningu skattsins nam kr. 1 220 292.00. Einnig verður að sjálfsögðu að draga frá hæfilega metinn innheimtukostnað. Verða það því nettótekjur af skattinum, sem koma til skipta.